

## Flóð í Fjallsá á Breiðamerkursandi

Árni Snorrason

Greinargerð ÁSn-91-05



## FLÓÐ Í FJALLSÁ Á BREIÐAMERKURSANDI

Að beiðni Helga Jóhannessonar, Vegagerð ríkisins hafa gögn varðandi Fjallsá á Breiðamerkursandi í vörslu Vatnamælinga Orkustofnunar verið skoðuð. Rennslisskýrslur um rennsli Fjallsár, vhm 171 hafa verið gefnar út fyrir árin 1973-78. Álestrar eru til eftir það, en verulegar breytingar hafa orðið við vatnshæðarmælistaðinn, sérstaklega eftir 1982. Þessum breytingum hefur ekki verið fylgt eftir með mælingum og álestrar hafa ekki verið gerðir um nokkurra ára skeið.

Gæði þeirra gagna, sem til eru um rennsli Fjallsár eru lítil og verður að hafa eftirfarandi í huga:

- Álestrar eru stakir, teknir á ýmsum tímum og aðeins 2 - 3svar í viku, þó oftast við örar rennslisbreytingar. Þessir álestrar sýna því **ekki** hámarksgildi vatnshæðar í flóðum.
- Álestrarnákvæmni er ekki mikil.
- Fáar og ónákvæmar rennslismælingar eru til grundvallar við gerð rennslislykils. Sú hæsta gefur 160 m<sup>3</sup>/s og er yfirborðshraðamæling.

Ekki virðist ástæða til að ætla að rennslislykill fyrir vhm 171 hafi breyst yfir tímabilið 1973 - 1980, þó gert hafi verið ráð fyrir, að slíkt hafi gerst milli árána 1977 og 1979 í bráðabirgðaúrvinnslu Vatnamælinga.

Ef gerður er lykill fyrir tímabilið 1973 - 1980 og hann notaður fyrir hæsta álestur hvers árs fæst eftirfarandi tafla:

Dagsetn.	Vatnshæð [cm]	Rennsli, útgefið [m <sup>3</sup> /s]	Rennsli, nýr lykill [m <sup>3</sup> /s]	Úrkoma, undanfarandi dag og álestardag [mm]
730924	445	520	420	63,9
740709	410	404	325	131,2
750809	439	500	400	92,0
760922	505	718	610	96,4
770926	416	426	340	171,9
780820	460	569	460	51,1
791002	490	668	560	363,1
800901	310	134	135	136,7

Úrkoman er mæld að Kvískerjum.

Hér fylgir skýrsla fyrir vhm 171, bæði með álestrum og rennsli eins og útgefið hefur verið.

91.11.07

Árni Snorrason  
forstöðumaður Vatnamælinga  
Orkustofnun